

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði stefnanda, Þorsteini Ásgeirssyni, kr. 24.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. nóvember 1957 til greiðsludags og kr. 3.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1959.

Nr. 62/1959. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Hilmari Ágústssyni (Páll S. Pálsson hrl.)

og gagnsök.

Dómendur:

hæstaréttardómaramennir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Skaðabótamál út af brottvikningu úr opinberu starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1959. Krefst hann *aðallega* sýknu sér til handa, en *til vara* lækkunar á fjárkröfum gagnáfrýjanda og að vextir verði aðeins dæmdir frá stefnudegi 19. júní 1958. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi og áfrýjað málinu með stefnu 14. september 1959. Krefst hann *aðallega*, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 124.865,50 með 6% ársvöxtum frá 30. marz 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, en *til vara*, að hér-

aðsdómur verði staðfestur og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Gagnáfrýjandi, Hilmar Ágústsson, gegndi tollgæzlumannsstarfi á Keflavíkurflugvelli, þegar honum var vikið úr starfi 30. marz 1953 ásamt starfsbróður sínum Gunnlaugi Stephensen. Hinn 13. desember 1954 höfðaði Gunnlaugur mál á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu bóta vegna fyrirvaralausrar uppsagnar. Á meðan það mál var fyrir héraðsdómi og áður en fjögur ár voru liðin, frá því fyrrgreind uppsögn átti sér stað, varð það að samkomulagi með gagnáfrýjanda, Hilmari Ágústssyni, og fjármálaráðherra, eftir því sem málf lutningsmenn aðilja hafa skýrt frá hér fyrir dómi, að Hilmar skyldi fresta málshöfðun á hendur ríkissjóði, unz séð yrði, hvornig máli Gunnlaugs reiddi af, enda skyldi fjármálaráðherra ekki bera fyrir sig fyrningu sakar, þó að mál Hilmars yrði ekki höfðað, fyrr en liðinn væri fyrningarfrestur. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 21. marz 1958 voru Gunnlaugi dæmdar bætur úr ríkissjóði. Höfðaði Hilmar síðan mál það, sem hér liggur fyrir, með héraðsstefnu 19. júní 1958. Í flutningi málsins hefur verið lýst yfir því af hálfu aðaláfrýjanda bæði í héraði og hér fyrir dómi, að kröfu gagnáfrýjanda væri ekki mótmælt sem fyrndri, enda þótt liðinn hefði verið fyrningarfrestur samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1905, þegar mál var höfðað. Eins og atvikum er háttað samkvæmt framan-söggðu, verður krafa gagnáfrýjanda ekki felld niður á þeim grundvelli, að hún sé fyrnd.

Gagnáfrýjandi var settur til að gegna tollgæzlumannsstarfi á Keflavíkurflugvelli með bréfi fjármálaráðherra hinn 6. desember 1948. Skipunarbréf fékk hann ekki, en starfinu hafði hann gegnt óslitið nokkuð á fimmta ár, er honum var vikið úr því án fyrirvara. Þar sem hann hafði gegnt starfinu um svo langan tíma, setning hans verið ótímabundin og ekki vegna forfalla annars starfsmanns, þykir hann, eins og á stóð, hafa átt rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, nema hann hefði brotið þann rétt af sér. Svo sem rakið er í héraðsdómi, eru sakir, sem á hann hafa verið bornar í málinu, ýmist ekki sannaðar eða svo smávægilegar, að þær gátu ekki réttlætt

fyrirvaralausá uppsögn. Má því staðfesta úrlausn héraðsdóms um bótaskyldu ríkissjóðs, og þykja bæturnar með tilliti til þess, að í uppsagnarbréfinu eru bornar á gagnáfrýjanda þungar sakir, sem ekki eru sannaðar, hæfilega ákveðnar kr. 20.000,00 með vöxtum eins og krafizt er. Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Hilmarí Ágústssyni, kr. 20.000,00 með 6% ársvöxtum frá 30. marz 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5.000,00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. marz 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Hilmar Ágústsson, Fögrukinn 5 í Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 19. júní 1958, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 124.865,50, ásamt 6% ársvöxtum frá 30. marz 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómars, en *til vara* verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda, að vextir verði einungis reiknaðir frá útgáfudegi stefnu og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að með bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 6. desember 1948, var stefnandi settur til þess að gegna tollgæzlustarfi á Keflavíkurvelli, og starfaði hann þar óslitið sem tollgæzlumaður til 30. marz 1953, er honum var vikið úr starfi. Forsaga brottvikningar stefnanda var með þeim hætti, að í marz-mánuði 1953 var yfirtollgæzlumaðurinn, Guðmundur Friðrik Guðmundsson, í orlofi. Starfi hans gegndi þá Egill Þorsteinsson tollgæzlumaður, en hann hafði þó eigi sérstaka skipun sem slíkur. Hinn 27. marz ritaði Egill Þorsteinsson bréf til fjármálaráðuneytisins, þar sem hann kvartar yfir hegðun tveggja tollgæzlumanna, annars þeirra stefnanda. Segir Egill í bréfi þessu, að hann telji, að ekki megi lengur við una, hvernig tollgæzlu-

menn þessir hafi vanrækt störf sín. Um stefnanda segir Egill í bréfinu, að hann hafi átt að mæta á vörð 24. marz 1953, en ekki mætt og ekki tilkynnt forföll. Hafi þetta komið sér illa, þar sem hann (Egill) hafði verið á verði á annan sólarhring og hafi þá einnig orðið að taka við verði stefnanda. Síðar hafi hann (Egill) frétt, að stefnandi hafði farið norður til Akureyrar. Ekki muni stefnandi hafa beðið leyfis til farar þessarar. Stefnandi hafi átt að mæta á vörð kl. 17,00 hinn 26. marz 1953, en þann dag hafi hann komið að norðan. Hafi hann þá hringt til sín og tilkynnt, að hann mundi ekki koma fyrr en kl. 19,00. Hafi hann hreytt ónotum, er hann hafi verið inntur eftir því, hvernig á þessari töf stæði. Þá kvaðst Egill hafa verið vitni að því, að stefnandi hafi falast eftir áfengi um borð í flugvél einni í ein-kennisklæðum. Hafi hann fengið eina flösku af sterku víni og aðra af léttu. Kvaðst Egill í það sinn hafa hótað stefnanda að kæra hann, ef hann drýgði slíkt athæfi aftur. Segir enn fremur í bréfinu, að báðir þessir menn, stefnandi og starfsbróðir hans, hafi hvað eftir annað verið ölvaðir við skyldustörf sín, mætt of seint á vörð eða farið of snemma af verði og nokkrum sinnum alls ekki mætt. Telur Egill Þorsteinsson í lok bréfsins, að röt-tækra ráðstafana sé þörf, ef tollgæzlan eigi að geta þjónað til-gangi sínum.

Þessu bréfi Egils Þorsteinssonar til fjármálaráðuneytisins fylgdi bréf frá Jóni Finnssyni, fulltrúa sýslumannsins í Gull-bringu- og Kjósarsýslu, sem þá hafði lögsögu á Keflavíkurflug-velli. Segir fulltrúinn í bréfi sínu, að hann hafi þá um veturinn (1952—1953) gefið báðum umræddum tollgæzlumönnum munn-lega aðvörun, vegna þess að hann hafi komið að því, að þeir hafi farið af verði löngu fyrir tilskilinn tíma. Hafi hann þá að-varað menn þessa og getið þess, að athæfi þetta kynni að varða þá stöðumissi. Segir fulltrúinn síðan, að persónulega hafi hann ekki staðið umrædda tollgæzlumenn að misferli því, sem um ræði í bréfi Egils Þorsteinssonar, en hins vegar hafi honum bor-izt til eyrna, að slíkt misferli ætti sér stað, og af persónuleg-um kynnum sínum af Agli Þorsteinssyni sé hann þess fullviss, að bréf Egils sé í hvívetna sannleikanum samkvæmt, og sé hann eindregið meðmæltur því, að mönnum þessum verði veitt lausn frá störfum hið fyrsta.

Með bréfi frá fjármálaráðuneytinu, dags. 30. marz 1953, er stefnanda fyrirvaralaust vikið úr starfi, þar sem sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, fulltrúi hans á flugvellingum og

settur yfirtollgæzlumaður, eins og segir í bréfinu, hafi tilkynnt ráðuneytinu, að hann hafi á ýmsan hátt brotið stórlega af sér í starfi sem tollgæzlumaður og ekki látið skipast við aðvaranir.

Stefnandi gerði tilraunir til þess að fá fjármálaráðuneytið til að breyta ákvörðun sinni. Ráðuneytið ritaði sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu bréf, dags. 25. apríl 1953, og óskaði umsagnar hans um það erindi. Sýslumaðurinn lét taka utanréttarskýrslur af þeim mönnum á flugvellinum, sem líklegastir voru taldir til að geta gefið upplýsingar um störf stefnanda. Sendi sýslumaðurinn skýrslur þessar til ráðuneytisins og gat þess, að með því að honum væri ekki persónulega það vel kunnugt um störf tollgæzlumanna að geta af eigin raun dæmt um þau, hafi hann engu við skýrslurnar að bæta.

Tilraunir stefnanda urðu árangurslausar, og hefur hann ekki starfað frekar í þjónustu ríkisins.

Stefnandi byggir kröfu sína í málinu á því, að brottvikning hans úr starfi án nokkurs fyrirvara hafi verið tilefnislaus og óréttmæt. Hann hafi verið búinn að starfa sem tollgæzlumaður á Keflavíkurflugvelli um 5 ára skeið. Hafi hann unnið störf sín óaðfinnanlega af yfirmönnum sínum. Stefndi hafi fengið í hendur órökstuddar sögusagnir, kanni réttmæti þeirra á engan hátt, en segi stefnanda upp starfi fyrirvaralaust án þess að gefa honum kost á því að skýra mál sitt. Telur stefnandi sig eiga uppsagnarfrest, er nemi 6 mánuðum. Er fjárkrafa hans í málinu við það miðuð m. a. Mánaðarlaun hans á þeim tíma, er honum hafi verið vikið úr starfi, hafi numið kr. 3.444,25 auk kr. 700,00 í fæðispeninga eða samtals kr. 4.144,25. Jafnframt telur stefnandi sig hafa orðið fyrir miska vegna hinna tilefnislausu ásakana í uppsagnarbréfi stefnda. Krefst hann bóta af þeim sökum svo og vegna atvinnusviptingar, að fjárhæð kr. 100.000,00.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á því, að brottvikning stefnanda hafi verið fullkomlega réttmæt án bóta. Starf tollgæzlumanns á Keflavíkurflugvelli, þar sem flugvélar koma og fara á öllum tímum sólarhrings, krefjist þess, að það sé rækt fullkomlega, bæði að því leyti, að tollgæzlumenn verði að vera við á þeim tíma, sem tilskilið sé, og eins, að þeir séu með sjálfum sér. Stefnandi hafi vanrækt þessi störf sín mjög stórlega. Skýrslur þær, sem sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu hafi látið taka af þeim mönnum, sem möguleika hafi haft til þess að fylgjast með starfsferli stefnanda, hafi í öllu staðfest

það, sem áður hafi verið fram komið um misfellur stefnanda. Það hafi því verið fullkomin rök til brottvikningar án fyrirvara.

Varakrafa stefnda er studd þeim rökum, að stefnandi hafi ekki haft skipun til starfs síns. Hafi því heimilt verið að víkja honum úr starfi, hvenær sem var. Gat stefnandi því í mesta lagi átt kröfu til einhvers uppsagnarfrests, og gætu bætur til hans aldrei orðið hærri en sem nemi launum þann tíma.

Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður stefnda yfir því, að af hans hálfu væri kröfu stefnanda ekki mótmælt sem fyrndri.

Framangreindar skýrslur sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu hafa verið fram lagðar í málinu, og verða þær nú raktar.

Guðmundur Erlendsson lögregluþjónn kvaðst hafa komið inn í tollstöð að morgni dags um kl. 9.00 í lok þess varðar, er stefnandi hafi átt síðastan, og þar sem enginn vörður hafi þar þá verið, hafi hann barið að dyrum einkaherbergis tollgæzlumanna. Er hann hafi komið þar inn, hafi hann séð stefnanda liggja þar á legubekk með teppi ofan á sér, og hafi sér virzt hann sýnilega nývaknaður. Hafi þá Egill Þorsteinsson tollgæzlumaður tekið við skjölum úr fjórum flugvélum, er ekki hafi fengið tollafgreiðslu um nóttina. Guðmundur kvað sér persónulega vera kunnugt um það, að stefnandi hafi oft mætt of seint á vörð og auk þess oft ekki náðst til hans, er hann hafi átt að vera á verði. Í eitt skipti kvaðst Guðmundur hafa séð stefnanda ölvaðan á verði.

Albert Albertsson lögregluþjónn kvaðst ekki hafa fylgzt með því, hvernig stefnandi hafi mætt á verði né hversu vel hann hafi almennt rækt störf sín. Hann kvaðst ekki hafa séð hann ölvaðan á verði. Hins vegar kvaðst Albert hafa komið inn í tollstöð nokkru fyrir miðnætti eitthvert síðasta kveldið, sem stefnandi hafi verið á verði. Hafi hann þá rekizt á konu eina, sem hafi kvartað um, að ekki fyndist tollgæzlumaður. Hafi hann þá barið að dyrum einkaherbergis tollgæzlumanna og þá séð stefnanda ásamt Magnúsi nokkrum tollgæzlumanni liggja þar fyrir, og hafi sér virzt sem þeir hafi verið sofandi.

Guðbrandur Þorsteinsson lögregluþjónn kvaðst einhvern tíma fyrir febrúar eða marzmánuð 1953 um kl. 21.00 að kvöldi, að því er hann minnti, hafa verið staddur hjá Friðriki yfirtollgæzlumanni. Hafi þá hringt Elías Jónsson lögregluþjónn og tjáð Friðriki, að tollgæzlumaður væri enginn staddur í tollstöðinni. Kvað

Guðbrandur Friðrik hafa farið að sinna þessu og tjáð sér síðar, að hann hafi þurft að vera þar á verði fram yfir miðnætti. Kvað Guðbrandur stefnanda í þetta skipti hafa átt að vera á verði.

Elías Jón Jónsson lögregluþjónn kvað það tvisvar hafa komið fyrir, að hann hefði orðið að sækja Friðrik yfirtollgæzlumann til að sinna tollgæzlu, þegar stefnandi og Gunnlaugur Stephensen tollgæzlumaður hafi átt að vera á verði. Kvaðst Elías þess ekki fullviss, hvort þeir hefðu báðir átt að vera á verði í þau skipti, en annar hvor þeirra hefði átt að vera á verði.

Magnús Pálsson tollgæzlumaður kvaðst hafa verið á verði með stefnanda eftir miðjan marz mánuð 1953, en hann hafi þá verið nýbyrjaður í starfi. Eina nóttina hafi verið von allmargra flugvéla, og kvaðst Magnús hafa spurt stefnanda, hvort ekki ætti að fara út í flugvélar þessar. Hafi hann jánkað því, en ekki talið það nauðsynlegt. Hafi því ekki verið farið út í neina flugvél þá nótt, en Magnús kvaðst hafa farið af verði vegna lasleika um kl. 3.30.

Bergmundur Guðlaugsson tollgæzlumaður kvaðst í eitt skipti hafa séð stefnanda ölvaðan á verði, en það hafi ekki verið á árinu 1953.

Sigfús Sigurður Kristjánsson tollgæzlumaður kvað stefnanda hafa staðið vel í stöðu sinni að öðru leyti en því, að oft hafi komið fyrir, að hann hafi farið af verði, áður en honum hafi verið lokið, eða fyrir hádegi í stað kl. 13.00.

Guðmundur Halldór Gunnlaugsson, gjaldkeri flugmálastjórnarinnar, kvaðst í eitt skipti hafa vitað til þess, að ekki hefði náðst til stefnanda fyrr en eftir allangan tíma til þess að tollafgreiða farþega, sem beðið hafi í flugstöðvarbyggingunni.

Örlygur Þorvaldsson skrifstofumaður kvaðst oft hafa orðið var við, að stefnandi hefði mætt seint á vörð og erfitt hefði verið á stundum að ná til hans til að gegna skyldustörfum, en Örlygur kvað það hafa verið í verkahring sínum að tilkynna tollgæzlumönnum komu flugvéla. Hafi ýmist verið, að hann hafi ekki fundizt í tollstöðinni eða verið sofandi. Örlygur kvaðst hafa séð stefnanda ölvaðan á verði, og í eitt skipti, er hann hafi verið staddur um borð í erlendri flugvél, hafi stefnandi fengið eina flösku af áfengi, en hann kvaðst ekki vita, hvort stefnandi hefði greitt fyrir áfengið eða fengið það gefins.

Ingimar Ingimarsson, vaktstjóri við flugvélaafgreiðslu, kvað sér kunnugt um það, að það hefði brugðizt, að stefnandi hefði

afgreitt flugvélar, að því er varðaði að sækja pappíra varðandi gin- og klaufaveiki.

Þórarinn Fj. Guðmundsson og Sigurður Grétar Finnbogason lögregluþjónar kváðu sér ekki persónulega vera kunnugt um það, hvernig stefnandi hefði mætt á vörð eða hvernig hann hefði rækt störf sín, en hafa heyrt um það, að á því hafi verið misbrestur.

Nokkrir aðrir menn, lögregluþjónar og starfsmenn flugvéla-afgreiðslu, gátu ekki borið um misfellur í starfi stefnanda.

Stefnandi hefur algerlega mótmælt sem ósannindum þeim ásökunum í bréfi Egils Þorsteinssonar til fjármálaráðuneytisins, að hann hafi mætt ölvaður á vörð eða verið ölvaður á verði og að hafa falast eftir áfengi í erlendum flugvélum.

Um ferð sína til Akureyrar, sem minnzt er á í bréfi Egils Þorsteinssonar, segir stefnandi, að hann hafi lokið verði á hádegi laugardaginn 21. marz 1953 og ekki átt að mæta á vörð fyrr en kl. 20.00 að kvöldi þriðjudagsins næsta á eftir. Hafi hann því ákveðið að nota þetta langa frí sitt til að sinna erindi, er hann hafi átt til Akureyrar. Hafi hann því farið þangað flugleiðis á sunnudagsmorguninn, ákveðinn í að koma aftur á þriðjudegi og þannig vera mættur á vörð það kvöld. Hafi hann þó áður gert ráðstafanir til þess að fá starfsbróður sinn einn til að standa vörð sinn á þriðjudagskvöld, ef veður skyldu spillast og flugferð bregðast þann dag. Hafi hann í því tilfelli treyst á áætlanarbifreið á miðvikudeginum, en næsti vörður hans eftir þriðjudagsvörðinn hafi verið kl. 5.00 á fimmtudeginum 26. marz. Svo hafi farið, að ferðir hafi brugðizt bæði þriðjudaginn og miðvikudaginn, og hafi hann því ekki komizt til baka fyrr en á fimmtudeginum, en þó svo seint, að hann hafi ekki getað mætt réttstundis á vörð. Hafi hann því hringt til Egils Þorsteinssonar og beðið hann að standa vörðinn fyrir sig fyrsta klukkutíma hans, og hafi Egill lofað því.

Stefnandi mótmælir því að hafa fengið aðvaranir frá Jóni Finnssyni sýslumannsfulltrúa. Í eitt skipti kvaðst stefnandi hafa þurft að yfirgefa vörð vegna veikinda án þess að ná til yfirtollgæzlumanns. Af því tilefni hafi sýslumannsfulltrúinn hringt til sín og spurt um orsakir þessa. Hafi stefnandi skýrt frá atvikum, og hafi sér virzt fulltrúinn láta þær skýringar nægja.

Stefnandi hefur einnig mótmælt því að hafa sýnt óstundvísi í starfi sínu. Hafi stundum komið fyrir, að hann hafi beðið Frið-

rik yfirtollgæzlumann að vera á verði til kl. 6.00, er stefnandi hafi átt að mæta kl. 5.00, en slíkt hafi hann bætt Friðriki upp með því að standa hans verði.

Framangreindir framburðir hníga mjög að því, að stefnandi hafi oft verið fjarvistum frá starfi og einnig verið óstundvís. Er sannað með viðurkenningu hans, að hann hafi ekki mætt á vörð þriðjudaginn 24. marz 1953 og ekki mætt réttstundis á vörð fimmtudaginn 26. s. m. Hins vegar þykir eigi sannað gegn mót-mælum hans, að hann hafi falazt eftir áfengi í erlendri flugvél, og sama máli gegnir um vanrækslu af hans hendi um að ganga eftir skilríkjum um gin- og klaufaveiki svo og um vanrækslu í starfi af völdum áfengisneyzlu.

Ósannað er gegn andmælum stefnanda, að hann hafi hlotið áminningu eða viðvörun frá yfirmönnum sínum. Fjármálaráðuneytið vék honum úr starfi með bréfi 30. marz 1953 án nokkurs fyrirvara. Var honum eigi veittur kostur á að skýra málið af sinni hálfu, áður en brottvikningin var ráðin. Verður því talið, að fyrirvaralaus brottvikning ráðuneytisins hafi ekki verið á nægum rökum reist, og þykir stefnandi af þeim sökum eiga rétt á bótum úr hendi stefnda. Þykja þær með tilliti til allra mála-vaxta hæfilega ákveðnar kr. 18.000,00, og verður stefndi dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum eins og krafizt er í stefnu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 2.400,00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Hilmari Ágústssyni, kr. 18.000,00 með 6% ársvöxtum frá 30. marz 1953 til greiðsludags og kr. 2.400,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
